

Fjárhagsspá 2026

Horfur 2025

Langtímaspá 2027-2030

Uppfærð af stjórn Orkuveitunnar
24. nóvember 2025

Orkuveita Reykjavíkur
kt. 551298-3029
Bæjarhálsi 1, 110 Reykjavík



Uppfærð fjárhagsspá Orkuveitunnar – breyttar forsendur

Forsendur fyrir yfirstandandi fjárhagsár og árið 2026 hafa breyst frá fjárhagsspá sem samþykkt var og gefin út af stjórn Orkuveitunnar 6. október sl.

Þann 21. október sl. varð rekstrartruflun hjá Norðuráli á Grundartanga þegar bilun kom upp í tveimur spennum. Norðurál er einn stærsti viðskiptavinur ON Power eins af dótturfélögum Orkuveitunnar. Samkvæmt upplýsingum frá Norðuráli hefur rekstrartruflunin í för með sér að álverið stöðvast að stórum hluta, sem dregur verulega úr raforkunotkun þess.

Þó að samkvæmt raforkukaupasamningi beri Norðuráli að greiða fyrir umsamda orku óháð nýtingu, liggur fyrir yfirlýsing um að fyrirtækið muni um sinn einungis greiða fyrir þá orku sem álverið getur tekið á móti meðan bilanir eru til staðar. Það hefur áhrif á rekstur ON Power og þar með samstæðu Orkuveitunnar. Uppfærð fjárhagsspá tekur mið af þeim upplýsingum sem liggja fyrir ásamt aðgerðaráætlun. Endanlegar fjárhagslegar afleiðingar atburðarins, þar með talið uppgjör á greiðsluflæði og hugsanlegar tryggingabætur, liggja ekki enn fyrir.

Til að tryggja áframhaldandi sterka fjárhagsstöðu og ábyrga rekstrarstefnu er fjárhagsspá samstæðunnar uppfærð með eftirfarandi meginbreytingum:

- Rekstrarhagnaður á yfirstandandi ári er áætlaður 1,0 milljarði króna lægri en í fyrri spá.
- Rekstrarkostnaður verður skertur um 2,2 milljarða króna árið 2026.
- Fjárfestingar verða lækkaðar um 6 milljarða króna árið 2026.
- Arðgreiðslur verða lækkaðar um 2 milljarða króna árið 2026.

Breytingarnar eru tímabundnar og teknar með það að markmiði að treysta lausafjárstöðu og rekstrarlegt jafnvægi þar til frekari upplýsingar liggja fyrir um innheimtu og uppgjör tekna í tengslum við Norðurál. Fjárhagsspá verður endurmetin reglulega í samræmi við framvindu mála og markmið um traustan rekstur til langs tíma.

Þessi uppfærða spá fer til umfjöllunar sem hluti fjárhagsáætlunar Reykjavíkurborgar.

Horfur og spá 2025-2030 – Rekstrarreikningur

	Raun 2024 (mkr)	Horfur 2025 (mkr)	Spá 2026 (mkr)	Spá 2027 (mkr)	Spá 2028 (mkr)	Spá 2029 (mkr)	Spá 2030 (mkr)
Rekstrartekjur	66.782	69.215	75.535	82.046	87.263	90.683	95.769
Rekstrargjöld	27.720	30.131	30.884	32.214	32.688	33.294	35.248
EBITDA	39.062	39.085	44.651	49.832	54.575	57.389	60.521
Afskriftir	16.830	17.240	17.989	19.071	20.533	21.574	22.776
EBIT	22.232	21.844	26.662	30.761	34.042	35.815	37.745
Fjármagnsliðir	-12.234	-11.706	-14.582	-12.520	-12.972	-13.743	-15.695
Vaxtatekjur	1.056	1.117	996	804	935	765	-200
Vaxtagjöld	-13.816	-14.008	-13.370	-13.754	-14.524	-15.050	-16.014
Aðrar tekjur (gjöld) af fjáreignum og fjárskuldum	527	1.186	-2.208	429	616	542	519
Hagnaður fyrir tekjuskatt	9.999	10.139	12.080	18.241	21.069	22.072	22.050
Tekjuskattur	-689	-243	-271	-1.441	-1.889	-2.012	-1.889
Hagnaður (tap) ársins	9.309	9.895	11.808	16.074	16.034	16.892	16.839
Hlutdeild minnihluta	-1	0	0	-158	-378	-625	-694

Horfur og spá 2025-2030 – Efnahagsreikningur

	Raun 2024 (mkr)	Horfur 2025 (mkr)	Spá 2026 (mkr)	Spá 2027 (mkr)	Spá 2028 (mkr)	Spá 2029 (mkr)	Spá 2030 (mkr)
Eignir	509.953	515.433	534.881	566.919	594.095	629.770	659.642
Fastafjármunir	470.877	480.130	501.371	528.623	558.393	593.341	620.580
Veltufjármunir	39.075	35.303	33.510	38.296	35.702	36.429	39.062
Eigið fé og skuldir	509.953	515.433	534.881	566.919	594.095	629.770	659.642
Eigið fé	265.732	264.112	271.243	287.175	304.233	329.255	338.919
Skuldir	244.221	251.321	263.638	279.744	289.862	300.515	320.723
Langtímaskuldir	212.683	218.431	231.577	241.745	255.760	265.196	283.563
Skammtímaskuldir	31.537	32.890	32.060	37.999	34.102	35.320	37.159

Horfur og spá 2025-2030 – Sjóðstreymi

	Raun	Horfur	Spá	Spá	Spá	Spá	Spá
	2024	2025	2026	2027	2028	2029	2030
	(mkr)	(mkr)	(mkr)	(mkr)	(mkr)	(mkr)	(mkr)
Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta	38.318	40.456	41.709	49.520	54.443	57.336	60.267
Innborgaðar vaxtatekjur	1.066	1.081	996	804	935	765	727
Greidd vaxtagjöld	-8.037	-8.231	-8.882	-9.458	-10.109	-10.563	-11.016
Greiddur tekjuskattur	-1.744	-2.734	-2.768	-3.234	-4.045	-4.381	-4.598
Greiðslur annarra fjármagnsliða	0	394	385	389	503	442	410
Handbært fé frá rekstri	29.725	31.220	31.439	37.296	38.582	40.430	42.469
Fjárfesting rekstrarfjármuna	-32.902	-33.474	-37.893	-47.500	-48.024	-54.192	-47.539
Aðrar fjárfestingarhreyfingar	-1.881	0	0	0	0	0	0
Fjárfestingarhreyfingar alls	-34.783	-33.474	-37.893	-47.500	-48.024	-54.192	-47.539
Fjármögnunarhreyfingar							
Ný langtímalán	34.509	26.997	28.930	32.730	30.730	27.000	36.583
Afborganir langtímaskulda	-17.324	-20.913	-23.056	-19.460	-25.201	-20.768	-21.114
Greiddur arður	-6.000	-6.500	-4.500	-6.663	-6.829	-7.000	-7.175
Innborgað hlutafé	0	0	0	8.580	7.865	15.015	0
Fjármögnunarhreyfingar alls	11.033	-503	1.285	15.084	6.458	14.137	8.184
Hækkun (lækkun) á handbæru fé	5.975	-2.757	-5.169	4.881	-2.984	374	3.114
Handbært fé í ársbyrjun	10.342	16.438	13.677	8.508	13.333	10.348	10.722
Áhrif gengisbreytinga á handbært fé	121	-4	0	-56	0	0	0
Handbært fé í lok tímabils	16.438	13.677	8.508	13.333	10.348	10.722	13.836